

## **Aðalfundur Rangárbakka, Þjóðaleikvangs íslenska hestsins ehf., vegna ársins 2022**

**Fundurinn var 17. apríl klukkan 20:55 í Rangárhöllinni**

Mæting fulltrúa eigenda:

Rangárþing ytra Eggert Valur Guðmundsson 6,41%

Hestamannafélagið Geysir Eiríkur Vilhelm Sigurðarson 49,34%

Hestamannafélagið Ljúfur Ragnildur Gísladóttir 4,75%

Hestamannafélagið Sindri Vilborg Smáradóttir 4,75%

Hestamannafélagið Jökull Bragi Gunnarsson 14,01%

Hestamannafélagið Sleipnir Sigríður Magnea Björgvinsdóttir 4,51%

Samtals eru mættir fulltrúar frá 83,77% hluthafa og telst fundurinn því löglegur

Kristinn Guðnason setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Borin var upp tillaga um að Ágúst Sigurðsson stýrði fundi og Gústav M. Ásbjörnsson ritaði fundargerð. Tillagan var samþykkt samhljóða. Starfsmenn fundarins tóku til starfa og gengið var til dagskrár fundar.

### **1. Skýrsla stjórnar fyrir árið 2022**

Eiríkur Vilhelm Sigurðarson kynnti skýrslu stjórnar.

Eiríkur kynnti stjórnarmenn og varamenn þeirra

Rangárbakkar eiga stóðhestahúsið, sýningasvæði þar sem fram fara allar sýningar og stóra völlinn. Rangárbakkar hafa verið vinsælasta svæðið til kynbótasýninga á undanförunum árum en þar voru sýnd ríflega 50% allra sýndra hrossa á árinu 2022. Skv. sýningaáætlun 2023 verða kynbótasýningar í 7 vikur á Rangárbökkum.

Fjölmörg íþróttamót og gæðingakeppnir voru haldnar á svæðinu og yfir 50 dagar af dagskrá.

Á síðasta aðalfundi var gerð grein fyrir því að stærstur hluti skulda var gerður upp. Þetta gerði Rangárbökkum kleift að ráðast í fjárfestingu nauðsynlegs búnaðar til viðhaldi valla. Fest voru kaup á tveimur dráttarvélum og haugsugu auk smærri tækja þannig að nú er allt tilbúið fyrir sumarið.

Sveitarfélögin hafa lagt til slátt á áhorfendabrekkum og umhverfi sem er félaginu mjög dýrmætt.

Ragnar Þorri Vignisson var starfsmaður félagsins um um sumarið og stóð sig sérstaklega vel.

Stóðhestahúsið var í útleigu 9 mánuði á árinu og skiptir orðið verulegu máli í rekstri félagsins.

Landsmót hestamanna var haldið á Rangárbökkum og fjallað verður sérstaklega um það undir öðrum málum.

### **2. Reikningar félagsins fyrir árið 2022**

Vilborg Smáradóttir kynnti ársreikninga félagsins fyrir rekstrarárið 2022. Þeir voru unnir af Endurskoðun BT ehf. og áritaðir af stjórn.

Helstu kennitölur ársreiknings 2022.

Lykiltölur:

Rekstartekjur 177.042.302

Heildareignir 142.698.000

Afkoma ársins 18.621.177

Eigið fé 139.189.000

Eignfjárlutfall 98%

Eignir:

Fastafjármunir 122.313.615

Veltufjármunir 20.384.150

Eignir samtals 142.697.765

Skuldir og eigið fé:

Eigið fé 139.189.476

Skammtímaskuldir 3.508.289

Skuldir og eigið fé samtals 142.697.765

Að lokinni kynningu á ársreikningi lagði fundarstjóri til að farið yrði yfir framkvæmd og niðurstöðu Landsmóts hestamanna 2022 áður en ársreikningur og árskýrsla yrðu borin upp.

Undirbúningur landsmóts hófst í raun 2015 en þá stóð til að halda landsmót 2020. Lagt var upp með að mótið yrði að skila hagnaði til þess að unnt yrði að gera upp 50 m.kr. lán til Arion banka. Einnig var lagt með að mótið myndi festa sig í sessi á Rangárbökkum og 5.000 seldir miðar myndu standa undir mótinu.

Magnús Benediktsson var framkvæmdastjóri mótsins og Vilborg Smáradóttir og Eiríkur Vilhelm Sigurðarson mynduðu með honum framkvæmdastjórn.

Framkvæmd mótsins naut mikillar velvildar sem og að svæðið sjálft er mjög vel upp byggt þannig að ekki þurfti miklar framkvæmdir. Borið var í velli, grjót hreinsað og ljósleiðari var lagður til að mæta auknum kröfum um nettengingu.

Hópurinn sem kom að mótinu stóð sig með einsdæmum vel, t.d. sá 10. bekkur Grunnskólans á Hellu um þrif á svæðinu. Þá gekk afar vel að afla sjálfbóðaliða fyrir mótið en að því komu 110 sjálfbóðaliðar sem lögðu ríflega 1.600 vinnustundir til á meðan mótinu stóð.

Rangárbakkar héldu mótið og sömdu um réttinn til að halda mótið við LM ehf. og greiddu fyrir það 7. m.kr.

Eiríkur fór yfir helstu liði tekna og kostnaðar og fyrirkomulag samninga. Á mótinu voru 9.000 gestir og þar af um 24% erlendis frá. Seldir miðar voru ríflega 7.600 talsins og innkoma miðasölu tæplega 96 m.kr.

Á Landsmótinu var sú nýbreytni að haldin var íþróttakeppni innan dagskrár, sem gekk mjög vel upp.

Mótið skilaði um 30 m.kr. hagnaði á móti tapi landsmóta árána 2018 og 2016. Þessi rekstarniðurstaða er að mati Eiríks tilkomin vegna gríðarlegs aðhalds, mikillar sjálfbóðaliðavinnu og

hagstæðum samningum sem og öflugum bakhjörllum. Þá studdu sveitarfélögin í Rangárþingi myndarlega við mótið.

Þá er ekki spurning að stefnt er að því að halda landsmót að Rangárbökkum árið 2028.

Ársreikningur og ársskýrsla ársins 2022 borinn upp og samþykkt samhljóða.

### **3. Breytingar á samþykktum**

Engar tillögur að breytingu liggja fyrir.

### **4. Stjórnarkjör og kjör skoðunarmanna.**

Kristinn Guðnason, Helga R. Pálsdóttir og Guðmundur Viðarsson gáfu ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn. Kristinn Guðnason bar upp eftirfarandi tillögu stjórnar um stjórnarkjör, þ.e. 5 aðalmenn og 2 til vara:

Aðalmenn:

Vilborg Smáradóttir

Gústav Magnús Ásbjörnsson (formaður)

Sóley Margeirsdóttir

Ragnar Þorri Vignisson

Magnús Benediktsson

Tillagan samþykkt samhljóða.

Varamenn:

Eiríkur Vilhelm Sigurðarson

Guðmundur Björgvinsson

Tillagan samþykkt samhljóða.

Kristinn Guðnason bar upp eftirfarandi tillögu stjórnar um skoðunarmenn:

Hulda Karlsdóttir

Valtýr Valtýsson

Tillagan samþykkt samhljóða.

### **5. Ákvörðun um hvernig skuli fara með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu 2022.**

Fráfarandi stjórn bar upp þá tillögu að ekki yrði greiddur arður vegna reksturs félagsins á árinu

2022 og hagnaður/óráðstafað eigið fé fært í rekstur.

Tillagan samþykkt samhljóða.

#### **6. Ákvörðun um greiðslur til stjórnar- og skoðunarmanna fyrir störf þeirra á starfsárinu.**

Fráfarandi stjórn bar upp þá tillögu að greiðslur til stjórnar- og skoðunarmanna verði engar fyrir störf á árinu 2022.

Tillagan samþykkt samhljóða.

#### **7. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.**

Helga R. Pálsdóttir tók til máls og fór yfir stjórnarsetu síðustu ára og framkvæmdir um að græða upp svæðið frá árinu 2012 en grettistaki hefur verið lyft í gróðursetningu á svæðinu. Á fyrstu árunum voru settar niður um 6.000 plöntur. Fjölmargir aðilar hafa styrkt þetta verkefni en flestar plönturnar hafa komið frá Gróðrastöðinni Kjarri. Nú 11 árum síðar en ásýnd svæðisins allt önnur, allt gróið en má gera miklu meira enn.

Helga þakkaði Kristni sérstaklega fyrir að hafa hvatt sig til að taka sæti í stjórn þar sem starfið hefur verið einstaklega gefandi. Þá á Kristinn miklar þakkir skildar fyrir sitt starf í þágu hestamennsku. Helga þakkað einnig stjórnarfólki fyrir afar gott samstarf og óskaði Rangárbökkum velfarnaðar.

Kristni Guðnasyni og Helgu R. Pálsdóttur var þakkað fyrir sérstaklega óeigingjarnt starf í þágu félagsins en alger viðsnúningur hefur orðið á félaginu og allri umgjörð á síðustu árum.

Fundargerð var yfirfarin og samþykkt samhljóða. Fundargerð verður send fulltrúum eigenda.

Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 21:56. Fundarstjóri var Ágúst Sigurðsson og fundarritari Gústav M. Ásbjörnsson.